

Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um viðskipti við Nígíeríu.

Frá Valgerði Gunnarsdóttur.

1. Mun ráðuneytið skipuleggja ferð sendinefndar til Nígíeríu til að ræða þá alvarlegu stöðu sem uppi er vegna innflutningshafta á þurrkuðum fiskafurðum frá Íslandi og hefur nú þegar haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir íslensk fiskverkunarfyrirtæki? Ef svo er, hvenær má vænta þess að sendinefnd fari til Nígíeríu?
2. Geta stjórnvöld komið með einhverjum hætti að því að efla innflutning á vörum frá Nígíeríu og eru einhverjir möguleikar á vöruskiptum milli landanna meðan gjaldeyris-skortur hjáir nígerískt samfélag?